



Nefndasvið Alþingis

b.t. fjárlaganefndar

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024, 1. mál

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024, 1. mál.

Hér fyrir neðan er samantekt yfir helstu athugasemdir SI:

- SI fagna því að ríkið skuli í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2024 leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að draga úr verðbólguþrýstingi í hagkerfinu og skapa þannig skilyrði fyrir lægri vöxtum og auknum stöðugleika.
- SI fagna áherslum sem fram koma í frumvarpinu á þætti sem styrkja framboðshlið hagkerfisins. Þannig efla stjórnvöld samkeppnishæfni Íslands og skapa forsendur fyrir framleiðnivexti sem skilar sér í auknum lífsgæðum landsmanna ásamt því að leggja grunn að lægri verðbólgu og vöxtum. Þetta er gert með umbótum í menntamálum og mannauðsmálum almennt, hvötum til fjárfestinga í nýsköpun, innviðauppbyggingu, og einföldu og skilvirku regluverki og starfsumhverfi fyrirtækja. Ásamt þessu þarf að tryggja aukið framboð af grænni orku til orkuskipta og uppbyggingar í iðnaði um land allt, fjölga þarf iðn-, tækni- og verkmenntuðu starfsfólki, greiða götu framkvæmda og setja kraft í innviðafjárfestingu, ekki síst í samgöngum, húsnæði og orkuskiptum.
- SI fagna þeim áherslum á vöxt hugverkaiðnaðar sem fram koma í frumvarpinu en samtökin hafa bent á það um árabíl að fjárfesting í nýsköpun er lykillinn að framleiðnivexti og framtíðarverðmætasköpun hagkerfisins. Auk þess mun nýsköpun, þ.e.a.s. fjárfesting í rannsóknum og þróun, eiga þátt í að leysa stórar samfélagslegar áskoranir, til að mynda í loftslagsmálum og heilbrigðisþjónustu til framtíðar.
- Samtökin fagna þeim framlögum sem stendur til að verja í skattahvata vegna rannsókna og þróunar en leggja jafnframt ríka áherslu á að skattahvatarnir verði festir í sessi til framtíðar.
- SI hvetja stjórnvöld til að greiða götu íbúðauppbyggingar. Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum gert margt af því sem í hennar valdi stendur til að einfalda uppbyggingu íbúðarhúsnæðis en öll spjót standa nú á sveitarfélögum sem fara með lóða- og skipulagsvald. Alþingi hlýtur að skerast í leikinn ef sveitarfélögin auka ekki lóðaframboð og haga áherslum í skipulagsmálum í þágu uppbyggingar í takt við þarfir landsmanna. Til að mæta markmiðum um fjölbreytta uppbyggingu þarf að auka vægi hlutdeildarlána enn frekar á sama tíma og stutt er við framboðshlið húsnæðismarkaðarins.
- Samtökin ítreka mikilvægi þess að hækkun endurgreiðsluhlutfalls virðisaukaskatts, vegna vinnu við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis hækki aftur og þá helst upp í 100%.

Með því móti er stutt við áframhaldandi uppbyggingu á íbúðarhúsnæði fyrir alla og byggt í takt við þarfir landsmanna.

- SI ítreka mikilvægi þess að sú vinna sem nú á sér stað hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun við endurskoðun og þróun á stafrænu umhverfi greinarinnar sé fullfjármögnuð.
- Samtökin lýsa yfir vonbrigðum þegar kemur að fjárveitingum inn í rannsóknarumhverfi mannvirkjagerðar m.a. í Ask-mannvirkjarannsóknarsjóð. Öflugar og samfelldar byggingarrannsóknir og eftirlit eru forsenda þess að hægt verði að mæta þeim fjölmörgu samfélagslegu áskorunum sem tengjast mannvirkjagerð.
- SI leggur áherslu á nauðsyn aukinna nýfjárfestinga í samgönguinnviðum til að mæta þörfum atvinnulífs og samfélagsins í heild. Nauðsynlegt er í því tilliti að tryggja stöðuga uppbyggingu innviða sem byggð er á raunhæfum og fyrirsjáanlegum áætlunum í stað sveiflukennrar uppbyggingar þar sem þjóðhagslegt mikilvægi er haft að leiðarljósi við forgangsroðun fjárfestinga.
- SI hefur áhyggjur af ófullnægjandi viðhaldi samgönguinnviða, þá sérstaklega vegakerfisins. SI og FRV mátu uppsafnaða viðhaldsskuld vegakerfisins að fjárhæð 110 ma.kr. árið 2021. Frá því að það mat var gert hefur viðhald kerfisins ekki verið í takti við þörf upp á rúma 15 ma.kr. árlega. Miðað við frumvarpið er enn meiru bætt í þessa viðhaldsskuld árið 2024.
- SI lýsa vonbrigðum með að í frumvarpinu sé ekki að finna aukningu í fjármagni til verknámsskóla sem þarf til að taka inn verk- og starfsnámsnemendur. SI hvetja stjórnvöld til þess að hraða uppbyggingu verknámsskóla út um allt land og flýta uppbyggingu á nýjum Tækniskóla. enda rímar það við helstu áherslur fjármálaáætlunar um nám í takti við þarfir samfélags og fjölgun útskrifaðra úr starfs- og tækninámi. SI hvetja stjórnvöld til þess að auka framlög í Vinnustaðanámssjóð, en við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 100% hærri en þau eru, ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á verk- og starfsnámsnemum.
- SI fagnar áherslum frumvarpsins sem styðja við orkuskipti og uppbyggingu innviða en samtökin ítreka hins vegar mikilvægi þess að rjúfa áralanga kyrrstöðu í orkuöflun til að mæta raforkuþörf vegna orkuskipta og nýjum tækifærum í fjölbreyttum iðnaði. Orkuskipti verða ekki án aukins framboðs af raforku.
- SI fagna áherslum um að stuðla að notkun nýrra orkukosta og bættri orkunýtni, s.s. vindorku á landi og á hafi sem og nýtingu glatvarma, og falla þessar áherslur vel að stefnu samtakanna í þessum málum.
- SI telja mikilvægt að endurskoða aðgerðir í loftslagsmálum og forgangsraða fjármagni ríkisins í hvata til orkuskipta og tækniinnleiðingar til þess að ná markmiðum stjórnvalda. Mikilvægt er umhverfisgjöld skili sér aftur í aðgerðir á sviði umhverfis- og loftslagsmála, s.s. gjöld vegna ETS kerfisins og kolefnisgjöld.
- Til að tryggja skilvirkni í orkuskiptum og ábyrga ráðstöfun á opinberu fjármagni ættu stjórnvöld jafnframt að leggja sérstaka áherslu á að stuðningur stjórnvalda taki einnig til orkuskipta í vöru- og fólksflutningsbifreiðum og vinnuvélum.
- SI fagna áherslum á þá vegu að jafna dreifikostnað á raforku á landinu öllu, en telja að sama skapi ástæðu til að taka til skoðunar regluverk að baki gjaldskrár dreifiveitna, þ.e.a.s. hvernig kostnaður skiptist á milli þéttbýlis og dreifbýlis.

1. Nýta á ríkisfjármálin til að styrkja framboðshlið hagkerfisins

SI fagna því að ríkið skuli í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að draga úr verðbólgu og verðbólguvæntingum og skapa þannig skilyrði fyrir lægri vöxtum. Jákvætt er að ríkissjóður hafi undanfarin misseri dregið úr vexti eftirspurnar og þar með verðbólgu en hagsveifluleiðréttur frumjöfnuður ríkissjóðs hefur verið jákvæður síðan 2022 og verður hann það líka á næsta ári samkvæmt frumvarpinu. Mikilvægt er að ríkisfjármálunum sé beitt með virkum hætti til að skapa stöðugleika í umhverfi íslenskra fyrirtækja og heimila.

Verkefnið nú er að beita aðhaldi í opinberum rekstri og skapa skuldastöðu sem er sjálfbær og gefur möguleika til að nýta ríkisfjármálin til að draga úr efnahagsniðursveiflu framtíðar. Í þessu sambandi er mikilvægt að frumjöfnuður ríkissjóðs sé orðinn jákvæður og skuldahlutföll ríkissjóðs séu lækkanði og viðráðanleg. Er ríkissjóður á góðri leið með að vaxa út úr þeim skuldavanda sem við blasti í kjölfar síðustu efnahagsniðursveiflu en bata á frumjöfnuði ríkissjóðs má fyrst og fremst rekja til þess hve vel hagkerfið hefur tekið við sér í kjölfar faraldursins líkt og fram kemur í frumvarpinu. Áherslur í ríkisfjármálum á tíma heimsfaraldurs sem miðuðu að því að skapa kröftuga viðspyrnu að faraldinum loknum hafa skilað sér. Voru áherslurnar mjög í anda þess sem SI lögðu til á þeim tíma. Mikilvægt er að haldið sé áfram á þessari braut. Lægri skuldir draga úr vaxtakostnaði ríkisins og styrkja getu ríkissjóðs til að ráðast í aðgerðir sem renna stoðum undir vaxtargetu hagkerfisins litið til lengri tíma.

Á síðustu árum hefur hagvöxturinn að stórum hluta verið knúinn áfram af fjölbreyttum og öflugum iðnaði og ekki síst hugverkaiðnaði sem nú er orðinn fjórða stoð útflutningstekna þjóðarbúsins. Frá því að hagkerfið byrjaði að taka við sér árið 2021 hefur ríflega eitt af hverjum fimm nýjum störfum sem skapast hafa í hagkerfinu verið í iðnaði með beinum hætti. Hlutfallið er talsvert hærra ef afleidd störf af auknu umfangi iðnaðar eru einnig mæld. Um mitt þetta ár störfuðu tæplega 52 þúsund manns í iðnaði. Á síðasta ári var vægi greinarinnar í landsframleiðslu rétt tæplega fjórðungur og vægi hennar í útflutningstekjum 44%.

Umfang iðnaðar



Heimild: Hagstofa Íslands

Mikilvægt er að stjórnvöld forgangsraði í ríkisfjármálum í þágu þátta sem styrkja framboðshlið hagkerfisins. Þannig efla stjórnvöld vaxtargetu efnahagslífsins til lengri tíma sem skilar sér í auknum lífsgæðum. SI hafa um árabil hvatt stjórnvöld til að efla samkeppnishæfni Íslands en með aðgerðum á því sviði má efla framleiðnivöxt og auka verðmætasköpun. Það er gert með umbótum í menntamálum og mannauðsmálum almennt, hvötum til fjárfestinga í nýsköpun,

innviðauppbýggingu, og einföldu og skilvirku regluverki og starfsumhverfi fyrirtækja. Tryggja þarf aukið framboð af grænni orku til orkuskipta og uppbyggingar í iðnaði um land allt, fjölga þarf iðn-, tækni- og verkmenntuðu starfsfólki, greiða götu framkvæmda og setja kraft í innviðafjárfestingu, ekki síst í samgöngum, húsnæði og orkuskiptum.

Verðbólgan sem nú mælist 8% hefur verið þrálát og of há undanfarna mánuði. Seðlabankinn hefur brugðist við með mikilli og hraðri hækkun stýrivaxta sem nú eru komnir í 9,25%. Ljóst er að há verðbóga og vextir eru ekki gott veganesti inn í kjarasamninga á komandi vetri. Ríkisfjármálin eru í lykilstöðu til að jafnvægi náist með sem lægstum kostnaði fyrir hagkerfið. Sveitarfélögin hafa þar einnig mikilvægu hlutverki að gegna.

Verðbólgan er nú að stórum hluta knúin af innlendum þáttum þar sem miklum hagvexti hefur ekki fylgt nægur vöxtur á framleiðslugetu hagkerfisins. Framleiðni hefur nánast staðið í stað undanfarin misseri. Framboð af menntuðu vinnafli hefur ekki verið nægjanlegt, lítil sem enginn vöxtur hefur verið í innviðum á borð við orkuinnviði og samgöngur. Einnig hefur of lítil vöxtur verið í fjölda íbúða. Allt þetta og fleira til hefur lagst á eitt með að draga úr framleiðnivexti og skapa efnahagslegt ójafnvægi sem komið hefur fram í mikilli og þrálátri verðbólgu og hærri vöxtum. Með því að efla framboðshlið hagkerfisins má ná niður verðbólgu og raunvöxtum en líkt og fram kemur í frumvarpinu er stoðum rennt undir auknar fjárfestingar með lægri raunvöxtum og framleiðnivöxt sem er forsenda lífskjarasóknar til framtíðar..

Mikilvægt að ríkissjóður forgangsraði í þágu stöðugleika og bættra lífskjara. Í þessu sambandi er jákvætt að í fjárlagafrumvarpinu sé boðað að hægja eigi á vexti útgjalda með því að lækka launakostnað, ferðakostnað og kostnað við innkaup stofnana ríkisins og ráðuneyta. Betra er að fara slíka leið í aðhaldi en að hækka skatta og gjöld. Um 40% verðmætasköpunar íslenska hagkerfisins rennur til ríkisins í formi skatta og gjalda. Hlutfallið er hátt í alþjóðlegum samanburði. Álögur hins opinbera á fyrirtæki og heimili í landinu í formi skatta og gjalda eru því miklar í samanburði við flest önnur ríki. Mikilvægt er að stjórnvöld setji stefnuna á að draga úr þessum álögum en með því er stutt við vaxtargetu hagkerfisins litið til lengri tíma og stoðum rennt undir aukin lífsgæði.

Bætt staða ríkissjóðs og aukinn stöðugleiki skapar svigrúm til að lækka álögur á íslensk fyrirtæki. Lýsa samtökin í því sambandi ánægju sinni með að krónutölugjöld verði almennt ekki látin fylgja að fullu verðlagi, ólíkt því sem t.d. var gert á síðastliðnu ári þegar þau voru látin hækka í takti við verðlagsforsendur. Stjórnvöld þurfa hins vegar að setja stefnu í skattamálum þar sem horft er til samkeppnishæfni atvinnulífs. Skattaumhverfið þarf að vera stöðugt, álögur lágar, reglur einfaldar og skýrar og skattframkvæmdin fyrirsjáanleg. Stefna stjórnvalda þar sem leiðarljósið er lágir skattar og gjöld í samanburði við helstu samkeppnislönd skapar mikilvægan þátt í samkeppnishæfni fyrirtækja.

Í þessu sambandi mótmæla SI hækkun á virðisaukaskatti vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði sem tók gildi nú um mitt þetta ár, í formi lægri endurgreiðslu. Samtökin mótmæla einnig hækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 20% í 21% sem boðuð er nú um næstu áramót. SI telja að hækkun þessara skatta skjóti skökku við í því krefjandi rekstrarumhverfi sem íslensk fyrirtæki búa við í dag þar sem vextir, laun og aðföng hafa hækkað mikið að undanfögnu. Vilja SI undirstrika mikilvægi þess að ef af umræddri hækkun tekjuskatts verði þá verði staðið við framkomin áform um að hækkunin sé tímabundin til eins árs og gildi því eingöngu árið 2024.

2. Nýsköpun

SI fagna þeim áherslum á hugverkaiðnað sem fram koma í frumvarpinu. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar hafa tvöfaldast á fimm árum og námu árið 2022 um 240 ma.kr. og mikill framtíðarvöxtur er í kortunum. Í greininni starfa nú ríflega 18 þúsund manns hér á landi í fjölbreyttum og verðmætum störfum um allt land. Auðlind hugverkaiðnaðar er fyrst og fremst nýsköpun sem grundvallast á rannsóknum og þróun.


SI hafa bent á það um árábil að nýsköpun er lykillinn að framleiðnivexti og framtíðarverðmætasköpun hagkerfisins. Auk þess er áhersla á nýsköpun, þ.e.a.s. öflugt rannsóknar- og þróunarstarf, lykillinn að því að leysa samfélagslegar áskoranir, til að mynda í loftslagsmálum, auknum áskorunum í heilbrigðisþjónustu og fleira. Það er því fagnaðarefni að sjá þessar áherslur birtast með skýrum og afdráttarlausum hætti í frumvarpinu. Árið 2020 jukust ívilnanir vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar fyrirtækja sem hefur leyst krafta hugverkaiðnaðar úr læðingi. Þetta er mikið fagnaðarefni og ánægjulegt að sjá að í frumvarpinu er tekið skýrt fram að halda eigi áfram á þessari vegferð, enda mun fjárfesting í nýsköpun ráða úrslitum um framtíðarlífskjör á Íslandi. Þess má geta að á síðasta ári runnu yfir 90% af umræddum ívilnunum til iðnfyrirtækja sem endurspeglar þá staðreynd að nýsköpun er fyrst og fremst upprunnin í iðnaði þó afrakstur nýsköpunar sé hagnýttur í flestöllum atvinnugreinum og á flestum sviðum samfélagsins.

SI leggja ríka áherslu á að skattahvatar vegna rannsókna og þróunar verði festir í sessi varanlega en fyrirtæki gera áætlanir langt fram í tímann og því mikilvægt að skapa fyrirsjáanleika um þetta mikilvæga hvatakerfi.

Skattahvatar vegna fjárfestinga í rannsóknum og þróun er eitt af mikilvægustu tólum ríkisins til að hafa áhrif á framtíðarhagvöxt og verðmætasköpun. Í nýlegri skýrslu OECD um íslenskt efnahagslíf segir að aukning skattahvata fyrir rannsóknir og þróun hafi haft jákvæð áhrif á fjárfestingar fyrirtækja í rannsóknum og þróun hér á landi. Samkvæmt OECD hafa hvatarnir haft jákvæð áhrif á umfang og afkomu fyrirtækja á þessu sviði hér á landi, leitt til fjölgunar á störfum og tryggt betri launakjör fyrir starfsfólk. Segir stofnunin að þetta sé afar jákvætt þar sem hagsæld þjóða til lengri tíma helst í hendur við fjárfestingu í rannsóknum og þróun, með öðrum orðum í nýsköpun. Bendir stofnunin á að heildarútgjöld til R&P hafa vaxið undanfarin ár samhliða auknum skattahvötum og námu þau 2,80% af vergri landsframleiðslu á árinu 2021 en til samanburðar var hlutfallið 2,0% árið 2018. Þess má geta að mörg ríki stefna að því að fjárfestingar í rannsóknum og þróun nemi 3% af vergri landsframleiðslu en fá ríki ná þeim markmiðum. Á þennan mælikvarða stendur Ísland mjög framarlega sem er mikið fagnaðarefni.

Endurgreiðslur ríkisins og fjárfestingar fyrirtækja í rannsóknum og þróun

Í milljörðum kr.



Samkvæmt fjárlögum munu endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunarkostnaðar verða 15 milljarðar árið 2024. Mikilvægt er að setja þessa tölu í samhengi. Þegar ríkið eykur framlög til R&P aukast fjárfestingar fyrirtækja í rannsókn- og þróunarverkefnum. Til dæmis námu skattahvatarnir um 10 milljörðum kr. árið 2021 en á sama tíma vörðu fyrirtæki 65 milljörðum í rannsóknar og þróunarverkefni. Umræddir skattahvatar hafa þannig leitt til mikillar aukningar á nýsköpun á Íslandi þar sem stærstur hluti fjármuna kemur frá einkaaðilum.

Fjárframlög til Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs voru hækkuð í tæplega 3 milljarða árið 2020. Á þeim tíma hafði lengi verið bent á að styrkja þyrfti Tækniþróunarsjóð til þess að veita hærra hlutfalli hágæðaumsókna brautargengi. Með frumvarpinu er lagt til að aðeins hluti af auknu framlagi til sjóðanna verði fest í sessi til framtíðar eða 2,2 milljarðar. Samtökin vilja í þeim efnum benda á að aðstæður og verðlag í íslensku samfélagi hefur gjörbreyst á þessum tíma. 3 milljarðar árið 2020 jafngilda tæplega 3,8 milljörðum á verðlagi dagsins í dag og því mætti líta á það sem svo að fjárframlög til sjóðanna séu skorin niður um 40% á fjárlögum. Sjóðirnir, sérstaklega Tækniþróunarsjóður, skipta sköpum til þess að koma álitlegum, byltingarkenndum rannsóknar- og þróunarverkefnum á koppinn. Mörg fyrirtæki í hugverkaiðnaði segja styrkveitingu úr sjóðnum hafa skipt sköpum á upphafsárum fyrirtækjanna, sem mjög skýrt dæmi um þetta má nefna nýsköpunarfyrirtækið Kerecis sem nýverið var selt á yfir milljarð Bandaríkjadala. Samtökin hvetja því stjórnvöld til þess að auka framlög til Tækniþróunarsjóðs fremur en að draga úr.

3. Húsnæðismál

Mikilvægt er að stuðla að stöðugri húsnæðisuppbyggingu í takti við þarfir og vilja almennings. Skortur á húsnæði hefur m.a. í för með sér aukna verðbólgu, hærri vexti og óstöðugleika í íslensku efnahagslífi og ekki síst á vinnumarkaði. Ríkisvaldið hefur beitt sér fyrir umbótum á undanförunum árum. Það er mjög jákvætt að stjórnvöld hafa loks sett sér skýr markmið um að auka jafnvægi á húsnæðismarkaði þar sem fjölbreytt framboð íbúða mætir þörf og þróun húsnæðis- og leiguverð er stöðugt. Þó þarf að hafa í huga að aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum gera lítið gagn ef sveitarfélög haga ekki framboði lóða í samræmi við eftirspurn og stefna ekki að hagkvæmari og skilvirkari uppbyggingu í gegnum áherslur í skipulagsmálum sem og bættri stjórnsýslu. Á einhverjum tímamarki hlýtur ríkisvaldið að skapa leiðir, með samningum eða lagasetningu, til að grípa inn í, í þágu þess að nægar íbúðir séu fyrir landsmenn.

Til að mæta framangreindum markmiðum um að auka jafnvægi á húsnæðismarkaði verður m.a. Húsnæðissjóði heimilað að veita ný útlán á árinu 2024 fyrir allt að 20 ma.kr. og þar af eru 3 ma.kr. í hlutdeildarlán, sbr. 5. gr. fjárlagafrumvarpsins. Um er að ræða óbreytta lánsfjárheimild frá fjárlögum yfirstandandi árs en gert er ráð fyrir að áætlanir vegna lánveitinga til húsnæðisuppbyggingar verði endurmetnar við aðra umræðu frumvarpsins. Þar verði m.a. litið til þróunar eftirspurnar eftir hlutdeildarlánum en skilyrðum fyrir veitingu slíkra lána var breytt með reglugerð fyrir á þessu ári.

Að mati samtakanna voru gerðar jákvæðar breytingar á reglugerð um hlutdeildarlán sem voru helst þær að hámarksverð íbúða var uppfært, tekju- og eignarmörk hækkuð og úthlutunartímabilum fjölgað. Leiddu umræddar breytingar til mikillar aukningar á úthlutun lánanna og sýndu þannig mikilvægi úrræðisins, sér í lagi á tímum þar sem tekju- og eignaminni eiga erfiðara um vik að eignast húsnæði og vaxtaumhverfi skapar óvissu á framboðshlið húsnæðisuppbyggingar þar sem þau ýta undir sölu nýrra íbúða. Hvetja samtökin því stjórnvöld til að auka vægi hlutdeildarlána enn frekar og mæta þannig markmiðum um að byggja upp fjölbreytt framboð íbúða.


Samtökin vilja einnig koma á framfæri mikilvægi þess að stutt verði áfram við markmið stjórnvalda um skilvirka stjórnsýslu og bætt starfsumhverfi mannvirkjagerðar. Í því samhengi er nauðsynlegt að sú mikilvæga vinna sem nú á sér stað hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun við endurskoðun og uppbyggingu á stafrænu umhverfi greinarinnar fái það fjármagn sem nauðsynlegt er til að klára verkefnið. Skortur á rauntímaupplýsingum um húsnæðismarkaðinn og rafrænni stjórnsýslu í greininni hafa lengi staðið henni fyrir þrifum og sú upplýsingaóreiða sem ríkt hefur um húsnæðisuppbyggingu hefur hafa mjög neikvæð áhrif á alla áætlanagerð og stefnumótun. Því spilar þróun á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á húsnæðisgrunnum lykilhlutverki í nánast öllum umbótaverkefnum stjórnvalda sem fram undan eru. Sama gildi um þróun grunna vegna skipulagsmála hjá Skipulagsstofnun.

3.1 Endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu manna á verkstað

Útlit er fyrir að fullbúnar íbúðir sem koma inn á markaðinn á næstu árum verði undir áætlaðri árlegri íbúðarþörf og markmiðum sem sett var fram í rammamningi innviðaráðuneytis, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsnæðisuppbyggingu sem gerður var um mitt ár í fyrra.¹ Fullbúnar íbúðir sem komið hafa inn á íbúðamarkaðinn hafa bæði í ár og í fyrra verið undir þörf og samdráttur mælist nú í byggingu íbúða séstaklega á fyrstu byggingarstigum. Samdráttur er auk þess í veltu arkitekta og verktaka þ.e. þeirra sem eru fremst í byggingarferli íbúða. Einnig mælist samdráttur í innflutningi byggingarefna. Í könnun sem gerð var meðal verktaka fyrr á þessu ári kemur fram að fjöldi íbúða sem þeir ráðgera að hefja uppbyggingu á, á næstu tólf mánuðum, verði 65% færri en á síðustu tólf mánuðum. Einnig reiknar HMS með því að fjöldi fullbúinna íbúða fækki á næstu árum og að á árinu 2025 verði hann ekki nema helmingur af áætlaðri íbúðarþörf samkvæmt rammamningi.

¹ [Cjafnvaegi á íbúðamarkaði, dagsett 5. júní 2023: https://www.si.is/media/eplicauppsetning/Greining-SI_Cjafnvaegi-a-ibudamarkadi-05-06-2023.pdf](https://www.si.is/media/eplicauppsetning/Greining-SI_Cjafnvaegi-a-ibudamarkadi-05-06-2023.pdf)


Spá um fullbúnar íbúðir og íbúðapörf




Er ljóst að miklar verðhækkningar, auknar álögur og nánast fyrirvaralaus skattahækkun við vinnu á verkstað hefur hægt verulega á uppbyggingunni. Gera má ráð fyrir að kostnaður við byggingu meðalíbúðar hafi hækkað um rúmar 7 m.kr. frá gerð ofangreinds rammisamnings.

Sú fyrirvaralaus breyting sem átti sér stað á skattlagningu greinarinnar með því að lækka endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts vegna vinnu iðnaðarmanna á verkstað úr 60% í 35% 1. júlí á þessu ári mun hafa neikvæð áhrif á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Samtökin hafa, þvert á þessa aðgerð ríkisstjórnarinnar, talað fyrir mikilvægi þess að hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts, vegna vinnu á verkstað, í 100% og telja eðlilegt að slík hækkun nái yfir alla uppbyggingu íbúða, ekki bara uppbyggingu á almennum íbúðum eins og nú er til umræðu. Með því móti verður stutt við framboðshlið og uppbyggingu á íbúðarhúsnæði fyrir alla og markmið ríkisstjórnarinnar að byggt sé í takti við þarfir landsmanna.

Kostnaðarauki við byggingu á meðalíbúð frá júlí 2022, í m.kr.



Fjöldi íbúða sem...



3.2 Móta þarf öflugt rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar

Samtökin vilja koma á framfæri áhyggjum af því hve hægt gengur að móta rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar. Þrátt fyrir aukna áherslu stjórnvalda, sem finna má í bæði húsnæðisstefnu innviðaráðherra og hönnunarstefnu menningar- og viðskiptaráðherra,

Þá virðast fjárlögin ekki gera ráð fyrir auknu fjármagni til málaflokksins. Þá virðist sem að það sé þvert á móti gert ráð fyrir óbreyttu ástandi t.d. í fjárveitingum til Asksmannvirkjarannsóknarsjóðs. Skilaboðin eru að mati samtakanna röng og í andstöðu við yfirlýst markmið um að koma á skilvirkara starfsumhverfi og bættri stjórnýslu mannvirkjagerðar sem stuðlar að auknum gæðum, öryggi, rekjanleika og hagkvæmni íbúðaruppbyggingar í jafnvægi við umhverfið. Í þessu samhengi er einnig vert að benda á niðurstöður starfshóps um skatta og skattaívilnanir á sviði umhverfismála, sem skilaði skýrslu í febrúar 2023². Kom þar fram að réttast væri að styðja við vistvæna mannvirkjagerð með því að auka fjármagn til rannsóknarsjóðs á borð við Ask, með það að markmiði að styrkja enn frekar rannsóknir, þróun, nýsköpun og fjárfestingu á sviði vistvænnar mannvirkjagerðar.

Til að undirstrika mikilvægi þessa máls vilja samtökin koma því á framfæri að öflugar og samfelldar byggingarrannsóknir og eftirlit eru forsenda þess að hægt sé að mæta þeim fjölmörgu samfélagslegu áskorunum sem tengjast mannvirkjagerð. Rannsóknir og virkt eftirlit stuðla meðal annars að auknum gæðum í mannvirkjagerð, vistvænni mannvirkjum og lægri byggingar- og viðhaldskostnaðar. Líta má svo á að fjármagn sem rennur til rannsókna í byggingar- og mannvirkjagerð sé í raun fjárfesting sem skilar sér hratt aftur með minna fúski og sóun og færri göllum.

3.3 Fjármögnun staðlavinnu mikilvæg

Í umsögn SI um fjárlagafrumvarp ársins 2023 gerðu samtökin athugasemdir við vanfjármögnun staðlavinnu á Íslandi. Voru þá ítrekaðar fyrri athugasemdir og beiðni samtakanna um breytingar. Samtökin vilja nú, enn á ný, vekja athygli á vandamálinu og telja mikilvægt að stjórnvöld bregðist við og fullfjármagni þá staðlagerð sem nauðsynleg er fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag. Staðlar eru afleiddur en órjúfanlegur hluti löggjafar um húsnæðis- og mannvirkjamál og eru notaðir af löggjafanum til að segja m.a. til um kröfur til mannvirkja og byggingarvara.

Samkvæmt ákvæðum EES samningsins ber einnig að staðfesta evrópska þolhönnunarstaðla sem íslenska og skrifa við þá íslenska þjóðarviðauka sem segja til um kröfur til þolhönnunar íslenskra mannvirkja. Þau verkefni eru unnin á vettvangi Staðlaráðs Íslands þar sem bestu sérfræðingar á sínu sviði leggja sitt af mörkum til að tryggja heildstæða löggjöf um þolhönnun.

Þessu til viðbótar er vísað í á þriðja hundrað staðla í íslenskri byggingarreglugerð og að baki lögum um byggingarvörur liggja á sjötta hundrað staðlar til viðbótar sem segja m.a. til um framleiðslu, prófanir og CE merkingar byggingarvara. Ljóst er að löggjöf um mannvirki er með formlegum hætti vörðuð þeim mikilvægu viðmiðum og kröfum sem hagaðilar á hverju sviði hafa komið sér saman um í stöðlum.

Án fjármögnunar til stöðlunar og stöðlunarstarfs verður þessi hluti löggjafarinnar hins vegar ekki til. Afleiðing afskiptaleysis stjórnvalda er að framkvæmd þolhönnunar mannvirkja í landinu er veruleg hættu búin því kröfur um þolhönnun hvað varðar m.a. jarðskjálftaálag, snjóálag og vindálag, svo eitthvað sé nefnt, verða ekki til af sjálfu sér. Fjárhagsleg aðkoma ríkisins er nauðsynlegur og eðlilegur þáttur við vinnu slíkra staðla í ljósi þess að um afleidda og mikilvæga löggjöf er að ræða. Tryggja verður Staðlaráði Íslands fjármagn til áframhaldandi vinnu í þessum efnum. Leggja Samtök iðnaðarins því ríka áherslu á að í fjárlögum ársins 2024

² [Fjármála- og efnahagsráðuneytið. \(2023\). Skattar og skattaívilnanir á sviði umhverfismála. Skýrsla starfshóps fjármála- og efnahagsráðuneytisins.](#)

sé komið til móts við framangreind sjónarmið og staðlagerð tryggt nægt fjármagn í samræmi við skyldur ríkisins.

4. Innviðir


Fjárfesting í efnislegum innviðum leggur grunn að hagvexti framtíðarinnar. Fjárfesting í innviðum, s.s. í höfnum, flugvöllum, vegum og brúm, eykur samkeppnishæfni og afkastagetu þjóðarbúsins sem skilar sér í aukinni verðmætasköpun og auknum gjaldeyrstekjum. Fjárfesting hins opinbera í innviðum þarf ávallt að mæta þörfum atvinnulífsins og heimila og áhersla þarf að vera lögð á fjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning. Þá er fjárfesting í innviðum til þess fallin að auka öryggi, draga úr slysum og bjarga mannlífum.

Mikil uppsöfnuð viðhalds- og nýfjárfestingarþörf er nú í innviðakerfinu hér á landi, líkt og kemur fram í skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga *Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur*³. Því til viðbótar er mikil fjárfestingarþörf til að mæta markmiðum stjórnvalda í umhverfis- og loftlagsmálum. Mikilvægt er að unnið sé markvisst að því að mæta þeirri þörf á næstu árum og gæta þess að tryggja stöðuga uppbyggingu sem byggð er á raunhæfum og fyrirsjáanlegum áætlunum í stað sveiflukenndrar uppbyggingar.

4.1 Nýfjárfesting í innviðum

Mikil og brýn þörf er á nýfjárfestingum í innviðum landsins og þá helst í samgöngu- og orkuinnviðum. Nánar er fjallað um nauðsyn fjárfestingar í orkuinnviðum síðar í umsögn þessari en hvað varðar samgönguinnviði er staðan mjög slæm. Ljóst er að ekki hefur verið nóg gert en þrátt fyrir mikilvægi samgönguinnviða fyrir Ísland hafa fjárfestingar í því verið litlar á síðustu árum. Samkvæmt gögnum OECD eru fjárfestingar í samgönguinnviðum, sem hlutfall af landsframleiðslu, talsvert lægri en gengur og gerist meðal þróaðra ríkja. Lækkun þær all nokkuð eftir efnahagsáfallið 2008 og hafa haldist lágar síðan á þennan mælikvarða í alþjóðlegum samanburði. Með öðrum orðum hefur nýfjárfesting og viðhald í vegakerfinu ekki fylgt vexti hagkerfisins á þessum tíma.

Fjárfestingar í samgönguinnviðum sem hlutfall af landsframleiðslu, %



Heimild: OECD, nýfjárfestingar og viðhald í vegakerfi, lestarkerfi og vatnaleiðum

³ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Innvidir-a-Islandi_skyrsla_opnur.pdf

Á sama tíma og fjárfesting hefur verið lítil, í alþjóðlegu samhengi, hefur umferð aukist umtalsvert og bílum fjölgað til muna hér á landi. Er staðan í raun sú að bæði umferð og fjöldi bíla hafa aldrei verið meiri, enda fólksfjöldun hér á landi töluverð auk þess sem ferðamönnum hefur fjölgað nokkuð á undanförunum misserum.

Að mati samtakanna mætir fjárveiting til nýframkvæmda og viðhalds í vegakerfinu í fjárlagafrumvarpinu ekki þessari þörf. Hætt er við að gæði og öryggi vegasamgangna fari hrakandi, þvert á stefnu innviðaráðherra með nýlegum umferðaröryggisáætlunum og samgönguáætlunum. Nauðsynlegt er að fjárlögin mæti þörfum fyrirtækja og heimila í landinu og í leiðinni því sem að er stefnt í framangreindum áætlunum innviðaráðherra.

**Samanlögð meðalumferð á dag
yfir 16 lykilteljara í ágúst, á Hringvegi**



Heimild: Vegagerðin

4.2 Uppsöfnuð viðhaldspörf veldur áhyggjum

SI minnir á að uppsöfnuð viðhaldspörf í innviðum landsins er mjög mikil og skorar á stjórnvöld – ríki og sveitarfélög – að vinna á uppsafnaðri þörf, eftir atvikum með samvinnu við einkamarkaðinn, á næstu árum samhliða nýfjárfestingum. Innviðir landsins leggja grunn að þeirri verðmætasköpun sem m.a. er ætlað er að standa undir rekstri hins opinbera. Innviðirnir þurfa að geta sinnt því hlutverki og því miður eru horfurnar ekki nægilega góðar ef litið er til niðurstaða fyrrnefndrar skýrslu frá árinu 2021 auk þess sem fjárlög síðustu ára hafa ekki mætt árlegri viðhaldspörf.

Samkvæmt framangreindri samgönguáætlun innviðaráherra er árleg viðhaldspörf vegkerfisins metin 15,5 ma.kr. en af fjárlagafrumvarpinu má ráða að aðeins verði varið ríflega 10 mö.kr. til viðhalds vegakerfisins á næsta ári. Enn frekari uppsöfnun á þegar umfangsmikla viðhaldsskuld í vegakerfi landsins vekur upp áhyggjur af ástandi þess með tilliti til gæða og öryggis, þá sérstaklega með hliðsjón af umferðaraukningu sem áður er lýst. Í skýrslu FRV og SI um ástand innviða hér á landi frá árinu 2021 er viðhaldsskuldin í vegakerfinu metin á 110 ma.kr. en eins og að framan greinir hafa fjárlög og fjárfesting ríkisins í viðhaldi þess síðustu tvö ár ekki mætt þörf. Með öðrum orðum hefur verið aukið töluvert á uppsafnaða viðhaldsskuld vegakerfisins frá því að ástand þess var metið árið 2021 og mun að óbreyttu sú skuldásöfnun

halda áfram. Samtökin lýsa yfir miklum áhyggjum af þeirri þróun en nauðsynlegt er að hefjast handa við að vinna niður þá skuld án tafar.

4.3 Forgangsröðun eftir arðsemi og vandaður undirbúningur

Samtökin hafa á síðustu árum bent á að leggja þurfi áherslu á fjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning. Á sama tíma er mikilvægt að áætlanir og áform eru vel ígrunduð og undirbúin svo að áform fái að raungerast. Mat á þjóðhagslegri hagkvæmni fjárfestinga ríkisins í innviðum landsins verður að vera gagnsætt og raunhæft svo forgangsröðun ríkis eftir þjóðhagslegum ávinningi fjárfestingar sé trúverðug. Upplýst umræða um val verkefna, frávik og rök forgangsröðunar er grundvöllur sáttar um þær fjárfestingar sem ráðist er í en fjárfesting hins opinbera í innviðum þarf ávallt að mæta þörfum atvinnulífsins og heimila.

5. Orku- og loftslagsmál

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er áhersla lögð á umhverfis- og loftslagsmál, s.s. orkuskipti, og er þar gerð grein fyrir aðgerðum hins opinbera, markmiðum og áskorunum á því sviði.

Að gefnu tilefni, með hliðsjón af áherslu frumvarpsins á orkumál og -skipti, benda SI á mikilvægi þess að rjúfa áralanga kyrrstöðu í orkuöflun til að mæta raforkuþörf vegna orkuskipta á Íslandi og nýjum tækifærum í fjölbreyttum iðnaði. Skortur á raforku hefur þegar leitt til tapaðra tækifæra í iðnaði og atvinnuuppbyggingu um land allt á síðustu árum. Bæta þarf flutningskerfi raforku í þágu orkuöryggis, bættrar orkunýtingar og aðgengis að raforku um land allt. Vísa SI hér m.a. til nýlegrar raforkuspár og draga að kerfisáætlun Landsnets máli sínu til stuðnings þar sem dregin er fram sú staðreynd að verulegrar orkuöflunar er þörf til að ná markmiðum stjórnvalda á sviði loftslagsmála og orkuskipta. Við þessu þarf að bregðast hratt.

Þá er mikilvægt að mati SI að endurskoða aðgerðir í loftslagsmálum og forgangsráða fjármagni ríkisins í hvata og styrki til orkuskipta og tækniinnleiðingar til þess að ná markmiðum stjórnvalda og draga úr losun á Íslandi í grænni iðnbyltingu. Tryggja þarf því að umhverfisgjöld hér á landi skili sér aftur í stuðning við aðgerðir á sviði umhverfis- og loftslagsmála, s.s. gjöld vegna ETS kerfisins og kolefnisgjöld svo fáein dæmi séu nefnd. Verði slíkum fjármunum ekki beint aftur í aðgerðir á þessu sviði er slík gjaldtaka bara eins og hver önnur skattheimta, nema hún vinnur í raun gegn markmiðum um árangur í umhverfis- og loftslagsmálum, m.a. í ljósi þess að slíkar álögur grafa undan samkeppnishæfni íslensks iðnaðar sem notar mestmegnis endurnýjanlega orku.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er áhersla lögð á að greiða götu framkvæmda í þágu orkuskipta. Er m.a. gerð grein fyrir auknum stuðningi við orkuskipti, s.s. beinn stuðningur við kaup á ökutækjum er ganga fyrir hreinni orku og uppbygging innviða. SI benda á mikilvægi þess að slíkar aðgerðir hafi tæknihlutleysi að leiðarljósi á þá vegu að tryggt verði að ekki verði mismunað eftir hreinorkugjöfum, t.a.m. að áhersla verði lögð jafnt á vetni og/eða rafeldsneyti til viðbótar við rafdrifin ökutæki.

Til að tryggja skilvirgni í orkuskiptum og ábyrga ráðstöfun á opinberu fjármagni ættu stjórnvöld jafnframt að leggja sérstaka áherslu á að stuðningur stjórnvalda taki einnig til orkuskipta í vöru- og fólksflutningsbifreiðum og vinnuvélum en ekki eingöngu ívilnunum til einstaklinga. Ívilnanir vegna fólksbíla, s.s. niðurfelling á virðisaukaskatti eða vörugjöldum, eru ekki til þess fallnar að

stuðla að orkuskiptum í vöru- og fólksflutningum atvinnurekenda. Einnig er mikilvægt að fé ríkisins sé nýtt með skilvirkum hætti til samdráttar í losun innan beinar ábyrgðar ríkisins, þ.e. að finna hagkvæmstu leið til að minnka losun. Kerfið verði þannig einfalt í framsetningu og framkvæmd og hraði nauðsynlegum orkuskiptum. Loks að kerfið veiti fyrirsjáanleika næsta áratug þeim fyrirtækjum sem hyggja á orkuskipti, þ.e. með grænum hvötum og innviðaupbyggingu, þ.m.t. að áhersla verði lögð á að koma upp nauðsynlegum hleðslu- og áfyllingarstöðvum fyrir stærri tæki um land allt. Þá verði ekki lagðar á nýjar álögur á græn tæki eða græna tækni.


SI fagna áherslum sem fram koma í frumvarpinu á þá vegu að jafna dreifikostnað á raforku á landinu öllu, en telja að sama skapi ástæðu til að taka til skoðunar regluverk að baki gjaldskrár dreifiveitna, þ.e.a.s. hvernig kostnaður skiptist á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Einnig fagna SI áherslum um að stuðla að notkun nýrra orkukosta og bættri orkunýtni, s.s. vindorku á landi og á hafi, greining á möguleikum smávirkjana, varmadælna, sólar- og sjávarfallaorku og nýting glatvarma, og falla þessar áherslur vel að stefnu samtakanna í þessum málum.

6. Mennta- og mannauðsmál

Mannauður iðnfyrirtækja er ein grunnforsenda verðmætasköpunar en í iðnaði starfa tæplega 52 þúsund manns hér á landi. Íslenskum iðnfyrirtækjum og íslenskum fyrirtækjum vantar fagmenntaða starfsmenn. Ef efla á framleiðni og samkeppnishæfni þjóðarinnar þarf að forgangsraða fjármunum til að tryggja menntun landsmanna sem mætir þörfum efnahagslífsins. SI, OECD auk annarra hafa margoft bent á að misræmi gæti milli þeirrar menntunar sem í boði er og þarfa atvinnulífsins, sem í auknum mæli sækist eftir starfsfólki með sérhæfða færni í verk og tæknigreinum. Mikilvægt er því að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi í samræmi við markmið stjórnvalda, en í könnun Gallup árið 2023 fyrir Samtök atvinnulífsins um mannafla og færniþörf á íslenskum vinnumarkaði, kom fram að 52% iðnfyrirtækja skortir starfsfólk með ákveðna færni eða menntun. Það er vantar fleiri fagmenntaða starfsmenn á sama tíma og iðnnám hefur búið við fjármagnskort af hálfu stjórnvalda og miklum fjölda fólks sem hafa viljað fara í það nám hafa verið vísað frá.

Hlutfall framhaldsskólanema í starfsnámi er lægra á Ísland (31%) borið saman við hin Norðurlöndin, einkum Noreg (52%) og Finnland (68%), og meðaltal OECD (44%).⁴ Á sama tíma og verulegur skortur er á fagmenntuðu vinnuafli komast færri að í verknámi en vilja. Nú í haust var mörgum umsóknum um skólavist í verk- og starfsnámi hafnað og fækkaði þeim sem voru samþykktir í verk- og starfsnám frá sama tíma fyrir ári en þá hafði einnig verið fækkun frá árinu þar á undan.⁵ Það er töluvert síðan að það fór að bera á skorti á sérmenntuðu starfsfólki og hefur framboðið

Hlutfall framhaldsskólanema í starfsnámi 2022




Heimild: OECD

⁴ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/09/27/Education-at-a-Glance-2023-starfsnam-lykill-ad-adlogun/>

⁵ <https://mms.is/innritunartolfraedi-haust-2023>

minnkað jafnt og þétt frá því síðasta vetur og vor. Brýn þörf er að setja af stað áttak, til að bregðast skjótt við og mennta fleira fólk til starfa á þessum vettvangi. Þar þarf að leggja sérstaka áherslu á iðn- og starfs- og tæknimenntun í kvöld og fjarnámi fyrir nemendur sem eru 19 ára og eldri.

Umsóknir í starfsnám í framhaldsskóla



Heimild: Menntamálastofnun

SI fagnar því að fjölga eigi nemendum í verk- og starfsnámi á framhaldsskólastigi. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 117 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í verk- og starfsnámi, sem er engan veginn nóg til að mæta þörfinni. Á morgunverðarfundum mennta- og barnamálaráðherra 3. mars sl. kom fram að auka þyrfti verulega námsaðstöðu til verk- og starfsnáms og þar kom einnig fram að nemendum myndi fjölga um 18% á næstu 5-6 árum. Einnig sýna nýlegar niðurstöður Efnahags- og framfarastofnunnarinnar (OECD) um stöðu menntunar í aðildarlöndum hversu aftarlega Ísland er í samanburði við önnur lönd OECD hvað varðar fjármagn til verk- og starfsnámsskóla og hlutfall verk- og starfsnáms í skólakerfinu. Í ljósi þeirrar stöðu lýsa samtökin vonbrigðum með það að í frumvarpinu sé ekki að finna sú verulega hækkun fjármagns til verknámsskóla sem þarf til að endurnýja tækjakost, bæta við húsnæði og auka við fjármagn til þess að taka inn verk- og starfsnemendur á öllum aldri.

SI taka undir það sem fram kemur í fjárlagafrumvarpinu að helsta hindrun fjölgunar nemenda er skortur á viðeigandi kennsluhúsnæði í verk- og starfsmenntaskólum víða um land ásamt skorti á starfsmenntakennurum. Það eru því ákveðin vonbrigði að sjá að fyrirhuguð framlög til fjárfestinga á framhaldsskólastiginu taki ekki á þessum vanda.

Samtökin vilja hins vegar fagna því að ráðherra mennta- og barnamála hefur sett fram tímasetta forgangsörðun um að byggja við átta starfsmenntaskóla í öllum landsfjórðungum. Gert er ráð fyrir að þessi stækkun sé um 10–12.000 fm og verði á næstu 5–7 árum samhliða er unnið að framtíðarlausn á húsnæðismálum Tækniskólans. Þetta þarf hins vegar að mati samtakanna að gerast fyrr. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til þess að flýta þessari uppbyggingu.

SI fagnar því að endurskoða á umgjörð og úthlutunarreglum Vinnustaðanámssjóðs til að styðja betur við þróun vinnustaðanámi. Í því samhengi skítur það skökku við að opinberir aðilar geti

sótt fé í sjóðinn. Það þarf að tryggja að fyrirtæki á fjárlögum fái fyrirgreiðslu frá stjórnvöldum inn í sjóðinn. Árið 2022 var úthlutað hátt í 17 milljónum til fyrirtækja á fjárlögum.⁶ Það eru hins vegar mikil vonbrigði að mati samtakanna að sjá að framlög til sjóðsins eru ekki aukin milli ára. SI hvetja stjórnvöld til þess að auka verulega framlög í Vinnustaðanámssjóðs í þessu sambandi en við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 100% hærri en þau eru í ár ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á starfsnámsnemum. Á upphafsárum sjóðsins (2012) var upphæð 20.000. kr. á viku á hvern starfsnema sem fyrirtæki fengu fyrir að þjálfra hæfni, en sú upphæð hefur farið lækkandi eftir því sem nemendum hefur fjölgað. Árið 2022 var upphæðin til úthlutunar 230 m.kr. eða nær 7.800 krónum á viku fyrir hvern nemanda sem viðkomandi fyrirtæki/stofnun tók á samning samanborið við tæplega 10.000 krónur árið 2021.

SI fagna því að til standi að endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði. Framhaldsfræðslan nýtur dyggilegrar aðstoðar raunfærnimats til þess að meta hæfni fólks í áframhaldandi nám. Með aðferðum raunfærnimats fær fólk fyrri reynslu, s.s. þátttöku á vinnumarkaði, metna á mótí námskrám eða hæfnikröfum starfa og getur þannig flýtt fyrir námslokum. Í þessu samhengi þarf að halda áfram að einfalda ferla við útgáfu atvinnuleyfa fyrir erlenda sérfræðinga og hraða innleiðingu á framlengingu á dvalar- og atvinnuleyfum. Leggja meiri áherslu á menntun og aðgengi að félagslegu í aðlögun innflytjenda. Efla tungumálakennslu innflytjenda, ekki síst þeirra fullorðnu, tengja hana starfsþjálfun, nýta þá nýsköpun sem menntatæknifyrirtæki hafa þróað í þessari aðlögun, styrkja ferla við að meta menntun og þekkingu. Einnig þyrfti að koma á fót menntabru til að aðstoða innflytjendur að ljúka fullgildingu erlendrar menntunar.

Háskólar og rannsóknarstofnanir gegna viðamiklu hlutverki í að ná fram áherslum stjórnvalda í gildandi stjórnarsáttmála. Samtökin fagna því að fjárframlög til háskóla aukin og sérstök áhersla lögð á eflingu náms og fjölgun nemenda í STEAM-greinum (raungreinum, tæknigreinum, verkfræði, listum og stærðfræði, e. science, technology, engineering, arts og mathematics). SI fagnar þessu en telur að til að mæta færniþörf iðnaðarins litið til tíma áætlunarinnar þurfi að gera betur. Mikill vöxtur hefur verið í iðnaði síðustu árin og hefur innlent menntakerfi ekki náð að mæta mannauðsþörf þess vaxtar. Í könnun sem gerð var meðal aðildarfyrirtækja SI nýlega kom fram að það er skortur á starfsfólki í 48% iðnfyrirtækja um þessar mundir. Mikill skortur er á fólki með menntun í iðn og STEAM. Heildarfjöldi starfandi í tækni- og hugverkaiðnaði er nú ríflega 18 þúsund manns en samkvæmt könnun SI meðal fyrirtækja í greininni vantar 9 þúsund starfsmenn í greininni til að mæta starfsmannþörf áætlaðs vaxtar fyrirtækjanna á næstu fimm árum.

Til skemmri tíma þarf að fá fleiri erlenda sérfræðinga til landsins og fagna SI áherslum og aðgerðum stjórnvalda þar að lútandi. Það skiptir miklu máli að vel takist til hér og standa vonir til að fjárhagslegir hvatar verði nýttir til að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum en það er 20% á Íslandi en yfir 25% að meðaltali í löndum OECD.

SI geta tekið undir markmið og helstu verkefni í menntamálum sem koma fram í fjármálafrumvarpinu og leggja áherslu á að stjórnvöld líti ekki á fjárframlög til menntakerfis

⁶ <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-vinnustadanamssjodi-2022>

sem tengir saman færni mannauðs og þarfir atvinnulífsins sem útgjöld heldur fjárfestingu sem mun skila sér í aukinni verðmætasköpun til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.

7. Skilvirkt endurgreiðslukerfi vegna sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu

Kvikmynda- og sjónvarpsiðnaður á Íslandi hefur verið í vexti undanfarin ár þar sem öflugt endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndaframleiðslu hefur skipt sköpum. Endurgreiðslukerfið hefur stutt við aukna verðmætasköpun hérlendis, áhrif kerfisins á greiðslujöfnuð ríkissjóðs hafa ávallt verið jákvæð og eru þá ótalin önnur afleidd áhrif af kvikmyndaframleiðslu svo sem gjaldeyrisöflun, sköpun beinna og óbeinna starfa og jákvæð áhrif á ferðaþjónustuna.

Í þessu samhengi vilja SI áréttta að undanfarin ár hefur fjárhæð áætlaðra endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar verið vanáætluð í fjárlögum. Þannig hafa útgefin vilyrði stjórnvalda vegna endurgreiðslna á kvikmyndaframleiðslu verið mun hærrí en fjárlög kveða á um og endurgreiðslur vegna útgefinna vilyrða stöðvast tímabundið þegar fjárhæð útgefinna vilyrða fer yfir fjárhæð í fjárlögum. Vegna vanáætlunar stjórnvalda tefjast endurgreiðslur. Hefur þetta skapað óvissu fyrir kvikmyndaframleiðendur sem standa frammi fyrir því að þurfa að fjármagna framleiðslu með aukinni lántöku með tilheyrandi kostnaði allt þar til endurgreiðslur berast á ný.

Með gildistöku laga nr. 76/2022 um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (hækkun hlutfalls endurgreiðslu) sem heimila 35% endurgreiðslu vegna stærri verkefna hér á landi er nú enn mikilvægara að áætluð fjárhæð stjórnvalda vegna endurgreiðslna endurspegli raunverulegt umfang þeirra verkefna sem hafa verið og eru í býgerð. Skýtur það skökku við að stjórnvöld auki ekki fjárveitingu í samræmi við stöðugan vöxt greinarinnar.

Samtökin leggja til að áætluð fjárhæð vegna endurgreiðslna verði hækkuð með tilliti til raunfjárhæðar endurgreiðslna fyrra árs. Þannig stuðla stjórnvöld að fyrirsjáanleika fyrir kvikmyndaframleiðendur og tryggja skilvirkni endurgreiðslukerfisins.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka iðnaðarins



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI